

Póst- og fjarskiptastofnun
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík



Gagnaveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Sími: 516 7777

ljósleidarinn.is

Reykjavík 22. febrúar 2017

VARÐAR: SAMRÁÐ PFS UM ÞRÓUN SJÓNVARPSMIÐLUNAR OG FJARSKIPTA

I. Inngangur

Þann 2. febrúar sl. kallaði PFS eftir almennu samráði um þróun sjónvarpsmiðlunar og fjarskipta hér á landi. Er leitað eftir samráði í tilefnis ágreinings um túlkun fjölmiðlalaga nr. 38/2011 í máli sem Síminn hf., Fjarskipti hf. (Vodafone) og Gagnaveita Reykjavíkur eru aðilar að. Óskar stofnunin sértaklega eftir svörum við sjö tölusettum spurningum varðandi þetta eftir en sjónarmið Gagnaveitu Reykjavíkur koma fram hér að neðan.

Gagnaveita Reykjavíkur tekur undir þau sjónarmið PFS sem fram koma í samráðsskjali stofnunarinnar, varðandi þá einstöku hættu sem stafar að íslenskum sjónvarps- og fjarskiptamarkaði vegna mikillar útbreiðslu IPTV-þjónustu og sterkrar lóðréttar samþættingar í starfsemi stærsta fjarskiptafyrirtækis á Íslandi. Gagnaveita Reykjavíkur tekur undir að við þessar aðstæður sé sértaklega mikilvægt að gæta þess að þessi staða hafi ekki þau áhrif að áskrifendur „lokist“ inni á tilteknu fjarskiptaneti og/eða velji fjarskiptanet út frá því efni sem þar stendur til boða. Svo sem Gagnaveita Reykjavíkur hefur áður reifað í umsögnum sínum í framangreindu ágreiningsmáli vegna túlkunar á 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga, lítur fyrirtækið svo á að samkeppni í aðgangsneta eigi að fara fram á grundvelli gæða og flutningsgetu viðkomandi kerfa, sem og verði og gæði þeirrar þjónustu sem viðskiptavinum aðgangsneta er boðin í tengslum við aðgang að netunum. Gagnaveita Reykjavíkur tekur undir með PFS og ítrekar þau sjónarmið sín að verði staðan þannig að efnisframboð á sjónvarpsmarkaði ráði vali á fjarskiptanetum hafi það skaðleg áhrif á samkeppni í grunnetum, sem skaðar neytendur og rýrir valkosti þeirra. Slík þróun er að mati Gagnaveitu Reykjavíkur ekki í samræmi við markmið fjarskiptalaga nr. 81/2003. Um þessi sjónarmið Gagnaveitu Reykjavíkur er að öðru leyti vísað til umsagna fyrirtækisins í fyrrnefndu stjórnsýslumáli sem til meðferðar er hjá PFS.



II. Einstakar spurningar PFS

PFS kallar því eftir svörum við sjö tölusettum spurningum varðandi þetta efni. Hér að neðan fara svör Gagnaveitu Reykjavíkur.

1. Hvaða áhrif hefur sterk staða IPTV hér á landi á íslenskan myndmiðlunar- og fjarskiptamarkað?
 - Sterk staða IPTV hér á landi býður upp á möguleika á takmörkunum á valkostum neytenda hvað varðar val á fjarskiptanetum. Með því að einn aðili á markaði, sem hefur lagt ofuráherslu á þróun sjónvarpsþjónustu sinnar og fullyrðir að hann sé með besta IPTV sjónvarpskerfi landsins, rekur kerfið eingöngu á fjarskiptaneti dótturfélags síns, skapast takmörkun í vali á fjarskiptanetum.
2. Hvaða áhrif hefur sterk staða IPTV hér á landi á stöðu neytenda þegar kemur að aðgangi að vinsælu sjónvarpsefni?
 - Sterk staða IPTV hér á landi getur að mati Gagnaveitu Reykjavíkur haft jákvæð áhrif á stöðu neytenda, þar sem aðgengi að línulegu og ólínulegu efni er mjög gott. Það er hins vegar forsenda slíkra jákvæðra áhrifa gagnvart neytendum, að heilbrigð samkeppni ríki á hverju stigi markaðarins en samtvinnun og lóðrétt samþætting ráði ekki ríkjum á sjónvarps- og fjarskiptamarkaði. Sú staða að annað IPTV kerfið á markaðnum er aðeins í boði um fjarskiptanet dótturfélags þess sem það rekur, takmarkar án nokkurs vafa aðgang að sjónvarpsefni viðkomandi veitu. Sem dæmi má nefna Voice Ísland í Sjónvarpi Símans, en það vinsæla sjónvarpsefni hefur ekki hefur verið hægt að horfa á í ólínulegri dagskrá nema um fjarskiptanet Mílu, dótturfélags Símans sem rekur einnig Sjónvarp Símans. Þetta fyrirkomulag takmarkar valkosti neytenda og hefur áhrif á mörgum heimilum varðandi val á fjarskiptaneti.
3. Hvaða áhrif hefur það á samkeppni á fjarskiptamarkaði að ákveðið efni sé bundið við tiltekið net.
 - Þegar vinsælt efni er bundið við tiltekið net hefur það skaðleg áhrif á samkeppni milli fjarskiptafyrirtækja, sem veita þjónustu um grunnet og keppa á mörkuðum fyrir internetþjónustu, talsíma og farsíma, ekki síst smærri fyrirtæki sem ekki hafa aðgang að sjónvarpsefni. Þá raskar slík takmörkun samkeppni í grunnnetum, svo sem fram hefur komið í athugasemdum Gagnaveitu Reykjavíkur í því stjórnsýslumáli sem lýtur að túlkun á ákvæði fjölmiðlalaga. Slíkt fyrirkomulag veldur minni samkeppni um verð og gæði fjarskiptaneta og þannig færast öll samkeppni yfir á framboð á sjónvarpsefni, sem síðan stýrir því við hvaða fjarskiptafyrirtæki heimili skipta við sem og um hvaða grunnnet umrædd þjónusta flyst.
4. Skiptir máli hvort slík takmörkun (spurning 3) nái eingöngu til ólínulegs efnis?
 - Verulegar breytingar hafa orðið á neyslumynstri á sjónvarpsefni og þáttur ólínulegs áhorfs hefur vaxið gríðarlega á síðustu misserum, svo sem vikið er að í samráðsskjali PFS. Þá er fyrir séð að sú þróun haldi áfram og hlutur ólínulegrar miðlunar aukist enn frekar. Æ oftast koma fram þau sjónarmið að aðilar horfi nánast eingöngu á hliðrar/ólínulegt efni, sbr. Tæknivarpíð þann 2. febrúar 2017.¹ Að mati Gagnaveitu Reykjavíkur skiptir það miklu máli að það séu engar takmarkanir óháð því hvort sem um er að ræða línulegt, ólínulegt eða SVOD efni.

¹ <https://kjarninn.is/hladvarp/taeknivarpid/2017-02-03-nyir-timar-i-islensku-sjonvarpi-ny-taekni-tekur-flug>



5. Hvaða vægi hefur ólínulegt dagskrárefni í samhengi við vöruframboð fjarskiptafyrirtækja nú og nánustu framtíð?

- Að mati Gagnaveitu Reykjavíkur eykst vægi ólínulegrar miðlunar stöðugt og ekki lítur út fyrir annað en að sú þróun haldi áfram. Ef horft er til alls skjáhorfs þá eykst áhorfið töluvert meira en þegar aðeins er horft til áhorfs á t.d. íslenskar sjónvarpsstöðvar, sbr. könnun þess efnis frá 18.01.2017 sem birtist á vef PFS².

6. Er það mikilvægt fyrir samkeppnishæfni íslenskra efnisveitna að geta einskorðað efnið við tiltekið fjarskiptanet?

- Gagnaveita Reykjavíkur hefur ekki yfir að ráða efnisveitu en fyrirtækið lítur svo á að það sé mikilvægt að rekstur fjarskiptanets eigi ekki að greiða niður gerð sjónvarpsefnis og því síður að sjónvarpsefnið sé þannig að hafa áhrif á val á fjarskiptaneti eins og áður hefur komið fram. Gagnaveita Reykjavíkur telur rétt að halda því til haga að rekstur íslenskra efnisveitna á tilteknum fjarskiptanetum, sbr. Sjónvarp Símans, eigi ekki að vera ráðandi þáttur varðandi samkeppnishæfni þeirra. Með því að bjóða íslenskar efnisveitur um fleiri tegundir fjarskiptaneta þá ætti samkeppnishæfni þeirra að aukast, sbr. Netflix sem er OTT þjónusta sem hægt er að nýta um hin ýmsu fjarskiptanet.

7. Annað sem umsagnaraðili vill koma á framfæri?

- Gagnaveita Reykjavíkur vill ítreka fyrri umsagnir og sjónarmið varðandi bindingu sjónvarpsþjónustu við ákveðin fjarskiptanet og vísar þar sérstaklega til þeirrar staðreyndar að Sjónvarp Símans sé aðeins veitt um kerfi dótturfélags Símans, Mílu.
- Gagnaveita Reykjavíkur fékk þær upplýsingar á fundi, vikuna 13.-17. febrúar sl., með Wilhelm Eschweiler, Vice President Bundesnetzagentur og BEREC Chair 2016, og Steve Unger, Group Director og Board Member Ofcom og einnig Vice-President BEREC 2017, að þeir höfðu ekki heyrt af álíka áður og teljum við þetta því vera einsdæmi í heiminum að lokað sé á hliðraða dagskrá eins og gert var í ofangreindu máli. Furðuðu þeir sig á því að yfir 20.000 viðskiptavinir hefðu verið án umræddrar þjónustu frá júlí 2015.

Virðingarfyllst

f.h. Gagnaveitu Reykjavíkur

Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri

² <https://www.pfs.is/um-pfs/frettir/frett/2017/01/18/Linulegt-ahorf-a-islenskar-sjonvarpsstodvar-stendur-i-stad/>. Að mati GR er reyndar hægt er að gera mun nákvæmari mælingar sem sýna réttari mynd af notkun á línulegri og ólínulegri dagskrá. Í umræddri könnun er um að ræða lítið þýði og aðeins horft til íslenskra sjónvarpsstöðva. Til að sýna réttari mynd væti t.d. hægt að óska eftir gögnum frá fjarskiptafélögum sem reka IPTV þjónustu varðandi notkun á IPTV þjónustu félaganna. Þá væri einnig rétt að horfa til mælingar á ekki aðeins IPTV þjónustu heldur einnig áhorfs á aðra miðla, eins og t.d. Netflix ef halda á áfram með mælingar sem þessar.